



## Fundargerð

Fundur í skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps  
mánudaginn 8. september 2014 kl. 10.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Karl Kristjánsson formaður, Egill Sigurgeirsson og Rebekka Eiríksdóttir. Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Karll setti fundinn og bauð fólk velkomið, þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

#### 1. 1408001 – Fundargerð skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefndar 11. ágúst 2014.

Farið yfir fundargerðina.

*Liður 7, mál 1408010 – Framkvæmdir við leikvöll Reykhólaskóla, í framhaldi af ákvörðun sveitarstjórnar um frestun framkvæmda við lóð leggur nefndin það til að gögn verði endurskoðuð, þ.e. hinir ýmsu verkliðir, og ný verðkönnun verði gerð í vetur.*

#### 2. 1402022 – Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018, þéttbýlið á Reykhólum, efnistaka og frístundabyggð í landi Kirkjubóls.

Breyting á aðalskipulagi auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Ein athugasemd barst á auglýstum tíma, frá Óskari L. Arnarssyni fornleifafræðingi dagsett 5. september 2014, varðandi fornleifaskráningu í tengslum við deiliskipulag í landi Kirkjubóls og þéttbýlið á Reykhólum, þess efnis að það vanti fornleifaskráningu á umræddum svæðum.*

*Samþykkt að taka tillit til athugasemdanna. Samþykkt samhljóða.*

*Nefndin leggur það til að sveitarstjórn samþykki aðalskipulagbreytinguna ásamt umhverfisskýrslu og að aðalskipulagið verði sent Skipulagsstofnun til staðfestingar. Samþykkt samhljóða.*

#### 1311010 – Deiliskipulagstillögur í Reykhólahreppi, þéttbýlið á Reykhólum, útivistarsvæði og sjávarböð, Frístundasvæði í landi Kirkjubóls á Bæjarnesi. Auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Ein athugasemd barst á auglýstum tíma, frá Óskari L. Arnarssyni fornleifafræðingi dagsett 5. september 2014, varðandi fornleifaskráningu í tengslum við deiliskipulag í landi Kirkjubóls og þéttbýlið á Reykhólum, þess efnis að það vanti fornleifaskráningu á umræddum svæðum.*

*Samþykkt að taka tillit til athugasemdanna. Samþykkt samhljóða.*

**3. 1408002 – Hafrafell 220107 – umsókn um stofnun lóðar Hafrakot.**

Erindi frá Andreu Kristjönu Lind Gunnarsdóttur frá 15. júlí 2014, frestað á síðasta fundi.

*Umsóknin er samþykkt samhljóða.*

**4. 1302028 – Málefni Staðarhafnar.**

Erindi frá Birni Samúelssyni 14. ágúst 2014, vísað til nefndarinnar af fundi sveitarstjórnar 14. ágúst 2014, varðandi stöðu mála.

*Sveitarstjóra falið að svara erindinu.*

*Sveitarstjóra einnig falið að ýta eftir frekari svörum frá Vegagerðinni varðandi stöðu Staðarhafnar og Flateyjarhafnar, og eiga samskipti við Jarðaskrifstofu um stöðu lands undir Staðarhöfn. Samþykkt samhljóða.*

**5. 1409001 – Fornleifarannsóknir í Flatey.**

Erindi frá Birni Samúelssyni f.h. Fornleifafélags Barðstrendinga og Dalamanna dagsett 12. ágúst 2014, vísað til nefndarinnar af fundi hreppsnefndar þann 14. ágúst 2014.

*Nefndin leggur til við sveitarstjórn að samþykktur verði styrkur til verkefnisins kr. 200.000, gegn aðgangi að gögnum í tengslum við vinnu á aðalskipulagi Reykhólahrepps. Samþykkt samhljóða.*

**Mál til kynningar:**

**6. 1409002 – Fundargerð 366. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands.**

Tilkynning frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga frá 26. júní 2014.

*Fundargerð lögð fram.*

**Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin**

**7. 1409017 – Viðhald stiga á Reykhólahöfn.**

*Formaður nefndarinnar og umsjónarmaður fasteigna ásamt sveitarstjóra áttu fund með Þörungaverksmiðjunni varðandi öryggismál hafnarinnar, þar sem rætt var um framkvæmdir við höfnina, m.a. endurnýjun á öryggisstigum.*

*Ekki er gert ráð fyrir endurnýjun á þeim á fjárlögum þessa árs. Nefnin leggur því til við sveitarstjórn að farið verði í þessa framkvæmd. Samþykkt samhljóða.*

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 11.55.**

|       |       |
|-------|-------|
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |